

## Sjöundi fundur skólanefndar þann 3. október 2023 í Laugaskóla kl. 17:00

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, S. Narfi Rúnarsson, Guðrún María Valgeirsdóttir, Alma Dröfn Benediksdóttir (á Teams), Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir fulltrúi kennara. Pétur Bergmann Árnason boðað forföll á seinustu stundu. Ragna ritaði fundargerð.

### 1. Nemendafjöldi á haustönn

120 nemendur hófu nám við skólann á haustönn, þar af voru 94 nemendur á heimavist, 3 í framhaldsskóladeildinni á Vopnafirði, 5 voru utan vista og því voru 102 nemendur í dagskóla. 5 nemendur voru utan skóla og 13 nemendur úr grunnskóla stunduðu nám við skólann. Alls voru 13 nemendur á almennri braut, 37 á félagsvísindabraut, 18 á íþróttabraut, 37 á kjörnámsbraut (þ.m.t. allir grunnskólanemendurnir), 13 á náttúruvísindabraut, einn nemandi var bæði á íþrótt- og náttúruvísindabraut og einn nemandi bæði á íþrótt- og félagsvísindabraut. Tveir nemendur hafa hætt á önninni.

Alls voru 67 stúlkur skráðar í skólann og 53 drengir og á heimavist voru 55 stúlkur og 39 drengir.

### 2. Starfsmannamál á haustönn

Guðný Halldórsdóttir raungreinakennari fór í fæðingarorlof 1. október og verður út mars.

Vegna persónulegra aðstæðna óskaði Jóna Björk Jónsdóttir eftir að minnka starfshlutfall sitt í 80% á þessari önn. Þeirra störf verða að hluta til leyst af kennurum sem fyrir eru en auk þess hafa Sigurlaug L. Svavarsdóttir (57% starf) og Gunnhildur Hinriksdóttir (35% starf) verið ráðnar til kennslu á þessari önn.

Inga Þórey Ingólfssdóttir hefur verið ráðin sem húsfreyja (húsbóndi) í tæplega hálf starf og Haraldur Bóasson var ráðinn í mótuneytið í hálf starf í stað Sigrúnar Hringisdóttur sem lét af störfum í sumar. Skólanefndin þakkar Sigrúnu fyrir gott starf í þágu skólans og býður alla nýja starfsmenn velkomna til starfa.

### 3. Skólastarfið á haustönn

Sigurbjörn fór yfir skólastarfið á haustönn sem hefur verið með hefðbundnu sniði og gengið þokkalega það sem af er önninni. Í fyrstu vikunni var hópurinn hristur saman að venju og farið var í eina hálf dagsferð í Mývatnssveit og aðra heils dagsferð í Laufás, Grenivík og Akureyri.

Námshópurinn í jarðfræði fór í heils dagsferð um Mývatnssveit, niður með Dettifossi og í Ásbyrgi og fengu afar góðar móttökur í Kröflu og í Ásbyrgi

Starfsmenn skólans tóku þátt í haustþingi þann 29. september á Akureyri sem haldið var af MA og VMA fyrir alla skóla á Norðurlandi. Byrjað var á sameiginlegri dagskrá fyrir allan hópinn sem snerist um gervigreind í skólastarfi. Fyrirlestur var um málefnið frá Háskóla Íslands og einnig kom fram frábært erindi frá núverandi nemendum MA. Eftir hádegið hittist svo fólk í smærri faghópum og bar saman bækur sínar. Eftir kaffi gerði starfsfólk Laugaskóla sér glaðan dag og borðaði saman og fór í leikhús. Nemendur fengu frídag þennan dag og þar með langa helgi. Þessi dagur verður unninn upp næsta föstudag (6. október) þegar grunnskólamótið verður haldið á Laugum og þá er ætlast til að nemendur séu að aðstoða við mótið fram yfir kvöldmat.

Í sumar og haust var verið að gera heimildarkvikmynd um konur í laxveiði og voru nokkrir nemendur sem tóku þátt í því verkefni.

Skólinn fékk heimsókn frá Þingeyjarskóla sem tekur þátt í Erasmus verkefni um tækniþróun í skólastarfi, sjálfbærni og réttindi barna með skólafólki frá sex löndum, Íslandi, Ítalíu, Danmörku, Tyrklandi, Kýpur og Portugal. Hingað mætti 27 manna hópur og skólameistari

útskýrði skóla- og námskerfið á Laugum sem og utanumhald nemenda. Kerfið sem hér er notað vakti athygli og áhuga erlenda skólafólksins.

Skólabragurinn hefur verið nokkuð góður þessa önnina. Mæting nemenda hefur verið með afbrigðum góð og var meðal raunmæting 90,1% á fyrsta mætingatímabili skólans (út september).

4. Skólastarfið framundan

Um miðjan október fara tilvonandi útskriftarnemendur í 10 daga skóla- og útskriftarferð til Spánar. Olga Hjaltalín Ingólfssdóttir kennari og Jón Sverrir Sigtryggsson húsbóndi fara með þeim.

Tónkvíslin verður haldin laugardaginn 25. nóvember og er nýbreytni að hún sé ekki haldin á vorönn. Undirbúningur er þegar hafinn.

5. Ýmis önnur verkefni á haustönn

Skólinn heldur áfram með innleiðingu Grænna skrefa og stefnir að því að ná skrefi 3 fljótlega. Innleiðing rafrænnar skjalavörslu er hafin í skólanum.

6. Agamál

Skólameistari fór yfir nokkur mál sem hafa komið upp á haustönn og viðbrögð við þeim.

7. Fjármál

Ársreikningur FL árið 2022 var sendur skólanum í ágúst 2023 og var lagður fram til kynningar.

Skólinn var rekinn með 4,0 m.kr. halla. Helgast það fyrst og fremst af því að fjárveitingar til skólans halda engan veginn í við umsamdar launahækkunar eða hækkun húsaleigu.

Uppsöfnuð fjárheimild skólans er 9,3 m. kr. og hefur hún þegar verið flutt yfir á árið 2023.

Um miðjan júní fékk skólinn úthlutað 1,1 m.kr. til innleiðingar laga nr. 86/2021 um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna í framhaldsskóla fyrir árið 2023. Í kjölfar þess var starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa hækkað í 90% (úr 80%) en hann hefur séð um þau verk sem þegar hafa fallið til vegna innleiðingar þessara laga. Fjármagnið hefur hins vegar ekki skilað sér og er búið að ýta á eftir því.

Í lok september barst svo 0,7 m.kr. framlag sem ætlað er félagsfólki KÍ til að styrkja aðkomu og ábyrgð þess þegar kemur að velferð og farsæld barna vegna breytinga sem eru að verða á framhaldsskólastiginu. Ekki liggur fyrir að svo stöddu hvernig fjármagninu verður skipt á milli félagsfólks KÍ.

Ársreikningur Mötuneytis FL árið 2022 liggur fyrir og var lagður fram til kynningar.

Ársreikningur Framkvæmdasjóðs árið 2022 liggur fyrir og var lagður fram til kynningar.

8. Sumarhótel

Hótelrekstur á Laugum gekk vel í sumar og var góð aðsókn á hótelið.

9. Tröllasteinn ehf.

Skólameistari, ásamt stjórnarformanni Tröllasteins ehf., hafa unnið hörðum höndum að því að í fjárlög ársins 2024 sé sett heimild fyrir ríkið að kaupa heimavistina Tröllastein og þar með sé allt húsnæði sem skólinn notar í eigu ríkisins og á forræði skólans. Vonir standa til að það takist að fá heimildina.

10. Framkvæmdir

Framkvæmdir við Tjörnina eru komnar á rexpöl og vonast er til að þeim ljúki í október að mestu. Næsta sumar mun svo nýjum trjám við tjörnina verða plantað.

Framræsting svæðisins fyrir ofan og norðan Draugastein er hafin. Þar þarf að skipta um jarðveg og dren til þess að losna við leka inn í húsið.

11. Aldarafmæli skólans

Skipuð var afmælisnefnd til að undirbúa aldarafmæli skólans fyrsta vetrardag, 25. október 2025. Í henni sitja Arnór Benónýsson fyrrum kennari við skólann, Hjördís Stefánsdóttir fyrrum skólastjóri Húsmæðraskólans á Laugum og Kristján Guðmundsson bryti skólans.

12. Næsti fundur skólanefndar

Næsti fundur er áætlaður 5. desember kl. 17.00

13. Önnur mál

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 19.11